

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 26. ágúst 2022
UST202202-343/M.H.G.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12.08. 2022 – Atlantsolía Hafnarfirði

Þann 12. ágúst sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Atlantsolíu í Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Bæta þarf úr frágangi á geymslusvæði utan lekavarnarþróar. Koma þarf biluðum og ónýtum plastgámum og tómum olíutunnum til endunýtingar eða viðurkenndrar förgunar.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 16. september 2022.

Virðingarfyllst,

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur